

**Nd.**

**596. Breytingartillaga**

**[127. mál]**

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og l. nr. 40 12. maí 1965, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

4. mgr. 50. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur að fenginni tillögu umferðarlaganefndar sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt ákveðið hærri hámarkshraða en að framan greinir, allt að 90 km á klukkustund, á einstökum vegum (hraðbrautum), og bundið þá heimild við ákveðna árstíma. Í kaupstöðum og kaup-túnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.